



Reykjavík, 26. apríl 2024

MSS24040141

## FYRIRSPURN

---

### Fyrirspurn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um plast og pappagáma við Hallgrímskirkju

Plast- og pappagámar við Hallgrímskirkju hafa verið fjarlægðir. Stendur til að setja gámana upp að nýju eða hafa þeir verið fjarlægðir til frambúðar?  
MSS24040141

#### **Greinargerð:**

Rusl liggur víða á svæðinu í kringum Hallgrímskirkju og yfirfullar sorptunnur eru algeng sjón. Auðvelda ætti íbúum að losa sig við rusl sem kemst ekki í tunnum á heimili án þess að þurfa að ferðast með ruslið á næstu móttökustöð. Íbúasamtök Miðborgar Reykjavíkur óska eindregið eftir því að gámarnir verði settir upp aftur.



Reykjavík